

Siðareglur Kviku banka hf.

Samþykkt 27.01.2022 Ábyrgðaraðill: Stjórn

Tilgangur og gildissvið

1 Tilgangur

- 1.1 Reglum þessum er ætla að gera grein fyrir þeim siðferðislegu gildum sem stuðst er við í daglegum störfum Kviku banka hf. (*hér eftir nefndur „Kvika“ eða „bankinn“*). Reglurnar eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og ber starfsmönnum að hafa þær að leiðarljósi í samskiptum sínum við viðskiptavinum og aðra aðila í tengslum við störf sín fyrir hönd bankans.
- 1.2 Reglunum er ætlað að tryggja öryggi og hagsmuni viðskiptavina Kviku og annarra sem eiga hagsmuna að gæta í samskiptum sínum við og í störfum sínum fyrir bankann. Enn fremur er tilgangur reglnanna að tryggja gott starfsumhverfi og stuðla að góðum starfsháttum. Reglunum er jafnframt ætlað að draga úr áhættu, einkum rekstar- og orðsporsáhættu, sem getur haft skaðleg áhrif á bankann.
- 1.3 Við setningu reglna þessara var tekið mið af viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnunarhætti fjármálafyrirtækja nr. 11/2017.

2 Gildissvið

- 2.1 Reglurnar gilda um starfsmenn Kviku, stjórnendur og alla þá sem taka að sér verk fyrir hönd og í þágu bankans, þar á meðal stjórn bankans. Með starfsmönnum er átt við starfsmenn samkvæmt hefðbundnu ráðningarsambandi, hvort sem þeir eru fastir starfsmenn eða tímabundnir, verktakar eða samkvæmt annars konar sambandi sem byggir á vinnuframlagi gegn endurgjaldi.
- 2.2 Reglurnar skulu gilda á samstæðugrundvelli. Til að tryggja fylgni við reglurnar á samstæðugrundvelli skulu dótturfélög bankans sem teljast vera fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 jafnframt að innleiða viðeigandi reglur og ferla til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglum þessu. Reglur dótturfélaga skulu þó taka mið af meðalhófsreglu viðmiðunarreglnanna. Í tilvikum erlendra dótturfélaga bankans er heimilt að aðlaga reglurnar að þarlendum kröfum. Hvers kyns efnislegar breytingar skal tilkynna til regluvarðar bankans.

Vinnustaðurinn

3 Góður starfsandi

- 3.1 Kvika leggur metnað í skapa vinnuumhverfi sem einkennist af sveigjanleika, góðri stjórnun, samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og heilsusamlegu og jákvæðu umhverfi. Þá er áhersla lögð á að hæfileikar starfsfólks fái að njóta sín.

- 3.2 Starfsmönnum Kviku ber að sýna samstarfsfólki, viðskiptavinum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta sanngirni, virðingu og umburðarlyndi. Starfsfólk á ekki að sæta einelti, smánun, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni né ofbeldi af nokkru tagi.

4 Ábyrgð

- 4.1 Framkvæmdastjórum og eftir atvikum forstöðumönnum hvernar viðskiptaeyningar ber að gera undirmönnum sínum grein fyrir stefnum og verklagi sem viðkomandi eining starfar eftir og skulu sjá til þess að starfsmenn geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, til hvers sé ætlast af þeim og hvernig brugðist verði við ef starfsmenn fara út fyrir heimildir sínar og sýna annars af sér háttsemi sem er ekki í samræmi við reglur þessar.
- 4.2 Starfsmenn skulu ávallt geta ráðfært sig við næsta yfirmann varðandi hvers konar fyrirspurnir um starfslýsingu sína og verkefni og þá ábyrgð sem viðkomandi starfi fylgir.
- 4.3 Framkvæmdastjórar og eftir atvikum forstöðumenn hvernar viðskiptaeyningar skulu án tafar gera starfsmanni viðvart ef útlit er fyrir að starfmaður sé ekki að sinna starfi sínu með þeim hætti sem ætlast er til af honum og veita viðeigandi leiðbeiningar um starfslýsingu og ábyrgð.

5 Tilkynningar um brot

- 5.1 Starfsmaður skal gera regluverði viðvart ef hann verður var við að ekki sé farið eftir ákvæðum þessara reglna. Enn fremur eru starfsmenn hvattir til að tilkynna ef þeir verða varir við hugsanlega óréttmæta viðskiptahætti eða hvers konar misferli sem tengist starfsemi bankans.
- 5.2 Starfsmaður getur tilkynnt um misferli eða brot á reglum þessum bæði nafnlaust og undir nafni í samræmi við „Reglur um verkferil við tilkynningar starfsmanna um brot á lögum eða háttsemi.“

Viðskiptahættir

6 Fagleg þjónusta

- 6.1 Starfsmönnum Kviku ber að tileinka sér samvisskusöm vinnubrögð og veita viðskiptavinum bankans faglega þjónustu í samræmi við lög, innri reglur Kviku banka og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.
- 6.2 Innri reglur Kviku banka eru reglulega uppfærðar og eftirlit haft með að þær séu í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.
- 6.3 Starfsmenn skulu fylgja og virða lög sem gilda um samkeppni og aðgang að upplýsingum.
- 6.4 Öll meðferð innherjaupplýsinga skal vera í samræmi við lög og innri reglur bankans.

- 6.5 Kvika tekur þátt í innlendum og alþjóðlegum aðgerðum gegn svikum, spillingu, peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka- og glæpastarfsemi. Starfsmenn Kviku eiga að kynna sér reglur og innri ferla um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og þekkja þær skyldur sem hvíla á starfsmönnum samkvæmt þeim.

7 Trúnaður

- 7.1 Kviku ber ávallt að gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum og við meðhöndlun upplýsinga. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um hagi viðskiptavina sinna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda starfsmanna helst þó látið sé af störfum.
- 7.2 Starfsmönnum Kviku ber að eiga heiðarleg samskipti við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila. Starfsmenn skulu ekki nýta sér upplýsingar sem þeir kunna að fá í starfi í eigin þágu eða í þágu tengdra aðila.

8 Hagsmunaárekstrar

- 8.1 Innan Kviku eru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem upp geta komið í starfsemi bankans. Gætt er að aðskilnaði starfssviða til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stýra upplýsingastreymi sem þar fer á milli.
- 8.2 Starfsmenn Kviku eiga að vera meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum sem upp geta komið í starfsemi bankans og hvernig eigi að bregðast við þeim. Hætta á hagsmunaárekstrum getur m.a. skapast við eftirtaldar aðstæður:
- i. milli viðskiptavina;
 - ii. milli viðskiptavinar og bankans eða starfsmanns bankans;
 - iii. milli bankans og starfsmanna;
 - iv. milli þjónustuveitanda og bankans eða starfsmanns bankans;
 - v. milli einstakra eininga bankans eða dótturfélaga innan Kviku samstæðunnar.
- 8.3 Starfsmenn skulu upplýsa regluvörð án tafar um þau atriði sem áhrif geta haft á hlutleysi eða sjálfstæði þeirra í störfum. Komi upp hagsmunaárekstur er leyst úr þeim í samræmi við innri reglur bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

9 Upplýsingar til viðskiptavina

- 9.1 Starfsmenn Kviku skulu ávallt veita viðskiptavinum áreiðanlegar og skýrar upplýsingar.
- 9.2 Kvika miðlar ekki ósönnum eða villandi upplýsingum til viðskiptavina, annarra hagsmunaaðila eða almennings.

10 Áhættustýring

- 10.1 Viðskiptaeiningar bankans bera hver um sig ábyrgð á áhættustýringu í daglegri starfsemi viðkomandi einingar í samræmi við þær stefnur, verklag og eftirlit sem um hverja einingu gilda og skulu starfa í samræmi við áhættuvilja, áhættustefnu og langtímamarkmið bankans.

Sjálfbærni

11 Sjálfbærni

- 11.1 Starfsmenn skulu sinna skyldum sínum í samræmi við gildi bankans og samfélagsstefnu hans.
- 11.2 Gildi bankans er langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki, og er framtíðarsýn stefnu Kviku að umbreyta fjármálaþjónustu á Íslandi með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Á meðal fimm megin leiðarljósa stefnu bankans eru að vera ábyrgur þátttakandi í samfélaginu og að hugsa hlutina upp á nýtt, meðal annars út frá UFS þáttunum (umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum). Þegar teknar eru ákvarðanir ber starfsmönnum bankans þar af leiðandi að taka tillit til þess hvaða áhrif ákvarðanir hafa til lengri tíma litið, hvort sem um er að ræða innri málefni bankans, málefni viðskiptavina eða málefni samfélagsins.

Eftirfylgni og viðurlög

12 Eftirfylgni

- 12.1 Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.
- 12.2 Komi upp siðferðileg álitafni í starfsemi Kviku skulu starfsmenn ráðfæra sig við regluvörð um úrlausn þeirra. Regluvörður skal skrá álitafni sem upp koma og gera stjórn grein fyrir úrlausn þeirra.

13 Viðurlög

- 13.1 Starfsmönnum skulu gera sér grein fyrir afleiðingum þess fyrir bankann og viðskiptamenn hans ef starfsmaður verður uppvís að broti á þeim lögum og reglum sem um bankann gilda, innri reglum bankans eða siðareglum þessum eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun. Afleiðingarnar geta m.a. verið rekstrar- og/eða orðsporstjón fyrir bankann sem getur leitt af sér fjárhagslegt tjón í formi málskostnaðar, sekta, missis viðskiptasambanda.
- 13.2 Gerist starfsmaður brotlegur við reglur þessar eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun að mati stjórnar bankans geta afleiðingarnar verið áminning eða, eftir atvikum og í samræmi við alvarleika brots eða ítrekuð brot, fyrirvaralaus brottrekstur úr starfi.

Birting og breyting á reglum þessum

14 Birting

- 14.1 Reglurnar skulu kynnar fyrir öllum nýjum starfsmönnum. Regluvörður skal jafnframt þegar tilefni er til og a.m.k. árlega sjá til þess að starfsmenn fái viðeigandi upplýsingar og fræðslu um reglur þessar og staðfesta eftirfylgni við þær.
- 14.2 Reglurnar skulu birtar á heimasíðu Kviku, www.kvika.is

15 Breyting

- 15.1 Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær. Allar breytingar á reglum þessum skulu kynntar fyrir starfsmönnum bankans um leið og þær hafa tekið gildi.

Samþykkt af stjórn þann 27. janúar 2022